



Minnisblað til ráðherra/ráðuneytisstjóra

Viðtakandi	Fjármála- og efnahagsráðherra og ráðuneytisstjóri	Dagsetning	18. mars 2025
		Málsnúmer	FJR25010078
Sendandi	Stafrænt Ísland, Skrifstofa rekstrar og innri þjónustu, Skrifstofa stjórnunar og umbóta		

Samstarf Stafræns Íslands við sveitarfélög

Markmið Stafræns Íslands er að öll opinber þjónusta sé aðgengileg á einum stað, Ísland.is, hvort heldur sem er þjónusta ríkis eða sveitarfélaga. Almennigur hefur aðgang að opinberri þjónustu án þess að gera greinarmun á þeim stofnunum og sveitarfélögum sem veita þjónustuna.

Sveitarfélögin hafa til þessa ekki innleitt sína vefi á Ísland.is og aðeins fá sveitarfélög hafa innleitt umsóknir þó svo samstarf Stafræns Íslands við sveitarfélögin séu af ýmsum toga s.s. innleiðing pósthólfs og innskráningar auk samstarfs í kringum lífsviðburði. Stafrænt Ísland greiðir fyrir notkun sveitarfélaga að innskráningarþjónustunni.

Lagt er til að sveitarfélög komi til samstarfs við Stafrænt Ísland með sama hætti og stofnanir ríkisins og að verkefnisstýring, innleiðingar og þróun verði á höndum Stafræns Íslands. Með því fyrirkomulagi er tryggt að þjónustuveiting og notendaupplifun stafrænna lausna helst heildstæð og hagnýting þeirra tækniinnviða sem þróaðir hafa verið séu með samræmdum hætti. Sambandið og sveitarfélögin komi til samstarfsins með þá fjármuni sem þarf og er það hlutverk Sambandsins að tryggja fjármögnun.

Tillagan sem hér er sett fram kemur til móts við þá hugmynd að komið verði á fót sameiginlegri verkefnastofu stafrænna verkefna ríkis og sveitarfélaga. Rekstur bakendakerfa og forræði, eignarhald og umsýsla gagna helst hjá sveitarfélögum líkt og núverandi uppsetning Stafræns Íslands og stofnana er.

Fjárfestingarheimild Stafræns Íslands er í dag um 1,5 ma.kr. og er sú fjárheimild fullnýtt. Innri rekstrarkostnaður verkefnastofunnar er um 300 m.kr. og miðlægur UT rekstrarkostnaður um 620 m.kr. Samanlagt tæplega 2,5 ma.kr.

Ekki er reiknað með að innleiðingar sveitarfélaga hefjist að fullu á fyrsta ári samstarfsins heldur mun verkefnafjöldi aukast með tímanum. Sjá viðauka.

Mikilvægt er að ráðast strax í þær ráðningar sem þarf til verksins eða 3 stöðugildi til viðbótar við þau 13 stöðugildi sem nú eru hjá Stafrænu Íslandi, til þess að undirbúningur hefjist sem fyrst og verkefnið geti farið hratt af stað á fyrsta ári.

Þjónustuveiting sveitarfélaga er almennt sú sama. Lögð verður áhersla á að greina þjónustuna heildstætt með sveitarfélögunum og þeim umsóknum sem eru sameiginlegar forgangsraðað. Samtengingar og gagnasamskipti sveitarfélaga í heild verða skoðaðar með áherslu á hagkvæman miðlægan rekstur.

Tillaga/niðurstaða

Lagt er til að ríkið bjóði sveitarfélögum/Sambandinu upp á samstarf við Stafrænt Ísland um stafræna vegferð í samræmi við ofangreint. Einnig að sveitarfélögin staðfesti verkáætlun og fjárheimildir fyrir henni á hverju ári fyrir fram til að tryggja farsæla framvindu.



Minnisblað til ráðherra/ráðuneytisstjóra

Viðauki

Verkefni	2026	2027	2028	2029	2030	Alls
Fjöldi vefja sveitarfélaga	5	10	20	20	9	64
Fjöldi umsókna	10	20	30	30	10	100
Mínar Síður	5	10	20	20	9	64
Innskráning- og umboðskerfi	5	10	20	20	9	64
Verkefna- og þjónustuvefir	3	5	5	5	5	23
App	Óvís virkni	Óvís virkni	Óvís virkni	Óvís virkni	Óvís virkni	
Straumurinn fjöldi SVF	5	5	5	5	5	
Verkefni- kostnaður í m.kr.	2026	2027	2028	2029	2030	
Fjöldi vefja sveitarfélaga	41,5	83,0	166,0	166,0	74,7	
Fjöldi umsókna	125,0	250,0	375,0	375,0	125,0	
Mínar Síður	65,5	131,0	262,0	262,0	117,9	
Innskráning- og umboðskerfi	5,0	10,0	20,0	20,0	9,0	
Verkefna- og þjónustuvefir	7,5	12,5	12,5	12,5	12,5	
App	5,0	5,0	5,0	5,0	5,0	
Straumurinn	6,0	6,0	6,0	6,0	6,0	
Annar rekstrarkostnaður í m.kr.						
Hlutfall af rekstrarkostnaði IS	63,0	132,0	207,0	288,0	288,0	
Stöðugildi kostnaður	56,2	74,9	74,9	74,9	56,2	
Óvænt og ófyrirséð - 10%	37,5	70,4	112,8	120,9	69,4	
Kostaður SVFL alls í m.kr.	412,1	774,8	1.241,2	1.330,3	763,7	
Ofmat á kostnaði um 20%	329,7	619,9	993,0	1.064,3	610,9	
Vanmat á kostnaði um 20%	494,6	929,8	1.489,5	1.596,4	916,4	